



Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar



Bláa Tunnan

Eftir 10. október verða gráar og grænar tunnur sem innihalda pappír eða pappa ekki tæmdar

Samráð um þróun hverfa í Reykjavík

Nýlokið er samráðsfundum um hverfisskipulag í átta af tíu borgarhlutum

Samgöngu- vikan

Haldið var upp á evrópska samgönguviku í Reykjavík 16.–22. september 2013

Leiðari

Nýverið var haldin sýning í ráðhúsi Reykjavíkur um uppbyggingarmöguleika og uppbyggingaráform í Reykjavík á næstunni. Þar mátti sjá að Reykjavík er í stöðugri mótun enda ung borg að árum og tækifæri má finna víðsvegar. Þegar byggja á til framtíðar er vönduð stefnu-mótun lykillinn að árangri og þess vegna er mikilvægum áfanga náð þegar endurskoðað aðalskipulag hefur verið kynnt. Aðalskipulagið er svo útfært frekar í þeirri framkvæmdaáætlun sem kallast hverfisskipulag, en undanfarnar vikur hefur fjölmennur hópur fagfólks boðið til funda í hverfum borgarinnar á vegum umhverfis- og skipulagssviðs til að ræða þróun gróinna hverfa.

Í þetta sinn fjallar Borgarsýn því um hið stærsta til hins smæsta í umhverfi okkar. Við fjöllum um endurskoðun aðalskipulags, undirbúningsvinnu sem snýr að hverfisskipulagi og uppbyggingaráform í miðborg sem munu bæta bæði ásýnd og borgarbrag. Við stiklum líka á stóru hvað varðar Reykjavík í tölum en þar kemur m.a. fram að Reykvíkingum hefur fjölgað um 20.000 frá árinu 1990 og að það er 1,5 billi á hvert heimili í borginni, sem er töluvert meira en í nágrennaborgum okkar. Samgönguvika er nýafstaðin og hófst með glæsibrag þegar hjólabrúin yfir Elliðaárósa var opnuð með pompi og prakt við góðar undirtektir. Að lokinni hinni árlegu hjólaráðstefnu, Hjólum til framtíðar, sem haldin var í lok samgönguviku, voru veittar samgönguviðurkenningar sem að þessu sinni féllu í hlut Landsbankans og Hugsmiðjunnar. Í dagslok var svo bílastæðakjallari ráðhússins settur í nýjan búning en þar var haldið hjóla-

skautadískó sem átti að vekja athygli á því hversu mikið rými sem stundum væri hægt að nýta á annan og skemmtilegri hátt fer undir einkabilinn.

Ekki má gleyma að minnast á að bláa tunnan hefur fest sig í sessi og sífellt fleiri borgarbúar flokka nú sorpið sitt og gera sér grein fyrir því að pappír er ekki rusl enda hefur bláum tunnum í borginni fjölgað um meira en helming síðan um síðustu áramót. Að lokum vil ég minnast á átakið Reykjavíkurborg- iðandi af lífi sem hófst á degi íslenskrar náttúru þann 16. september s.l. Þá var gefinn út bæklingur um líffræðilega fjölbreytni og birtingarmyndir hennar í Reykjavík. Upplýsingar um átakið má finna víða eins og til dæmis á www.Reykjavik.is/idandi.

Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Samkeppni

Úlfarsárdalur – samkeppni

Hönnunarsamkeppni um samþættan leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf, menningar-miðstöð og almenningubókasafn, sundlaug og íþróttahús

Reykjavíkurborg stendur fyrir tveggja þrepa samkeppni, þar sem fyrri þrepið er hugmyndasamkeppni sem byggir á heildarlausn mannvirkja og staðsetningu þeirra á keppnissvæðinu. Keppendur setja fram hugmyndir sínar um lausn viðfangsefnisins, s.s. byggingarmassa, innri og ytri tengingar, stærðir og umhverfi. Í lok fyrri þreps velur dómnefnd tillögur til úrvinnslu í seinna þrep. Seinna þrepið er framkvæmda-

keppni valinna tillagna úr fyrri þrepi, þar sem þátttakendur munu vinna frekar úr hugmyndum sínum. Samkeppnin er ekki enn farin af stað en líklegt má teljast að auglýst verði fljótlega. Jafnframt er stefnt að niðurstöðum úr samkeppni í maí 2014.

Meginmarkmið samkeppninnar

- Fá fram áhugaverðar og vandaðar tillögur að byggingu sem þjónar sem

best íbúum Úlfarsárdals, Grafarholts og öllum almenningi, en leik- og grunnskólinn þjónar þó íbúum Úlfarsárdals.

- Fá fram vel rökstuddar tillögur að nánari staðsetningu mannvirkja á skilgreindu keppnissvæði í Úlfarsárdal.
- Gæta að því að mannvirkin falli vel að næsta umhverfi og vera þungamiðja fyrir borgarhlutann.
- Stuðla að góðu samspili almenningsskýma, bygginga og nærumhverfis.
- Leggja áherslu á umhverfisleg og samfélagsleg gæði hins manngerða umhverfis.
- Ná fram verulegri hagræðingu í rekstri mannvirkjanna til framtíðar með samlegð og samnýtingu.

Áætluð heildarstærð mannvirkja er um 14.000 m². Samþættur leik- og grunnskóli með aðstöðu fyrir frístunda og félagsstarf 5.600 m², bókasafn og menningarmiðstöð 1.200 m², sundlaug 1.500 m² og íþróttahús 5.600 m².

Nánari upplýsingar og keppnislýsing verður gerð aðgengileg á:
www.hugmyndasamkeppni.is

Sýning um uppbyggingar- áform í Reykjavík

Reykjavíkurborg leggur mikla áherslu á góða samvinnu um öflug uppbyggingaráform

Dagana 2.–7. október 2013 var haldin sýning í ráðhúsi Reykjavíkur og nokkrir opnir kynningarfundir um uppbyggingaráform fyrirtækja, ríkis og borgar. Í kynningunum og á sýningunni var varpað ljósi á þau uppbyggingaráform sem lengst eru komin. Meðal annars var upplýst á kynningarfundum að nýlega hefði verið gengið frá greiðslum fyrir lóðasölu í Austurhöfn – Hörpureit, en þar má gera ráð fyrir að framkvæmdir við fyrirhugaða hótелbyggingu á lóðinni geti hafist um mitt ár 2014. Jafnframt var farið yfir önnur þekkt áform um hótел og gististaði og dregið var saman að í þípunum eru framkvæmdir við um ellefu hundruð gistiherbergi. Einnig voru dregnar saman áætlanir um íbúðarhúsnæði og ljóst að stefndi í að mætt yrði þeirri þörf sem er fyrir íbúðir, en í ár og á því næsta er búist við að um 900 nýjar íbúðir verði teknar í notkun. Farið var yfir fyrirliqqjandi upplýsingar um íbúðar-



Viðbyggingarmöguleikar við
Hafnarstræti 17 og 19. Deiliskipu-
lag í vinnslu

húsnæði en framkvæmdir eru ýmist hafnar eða að hefjast á fjölmörgum stöðum, auk margra verkefna sem eru í deiliskipulagsferli. Kynntar voru helstu áherslur í aðalskipulagi og það ferli sem í gangi er, en mjög mikilvægt er fyrir uppbyggingu að hafa viðtæka sátt

um aðalskipulag. Alls voru uppbygg-
ingareitir og þróunarsvæði sem kynnt
voru um 60 talsins. Megináherslan á
sýningunni og kynningarfundunum var á
verkefni sem unnið er að þessa dagana
eða koma til framkvæmda á næstu árum.



Bláa Tunnan festir sig í sessi

Margir hafa undanfarið pantað bláar tunnur og eru þær orðnar um 9.500 í Reykjavík en voru 4.000 í byrjun ársins

Margir Reykvingingar hafa flokkað og skilað pappír og pappa til endurvinnslu í áráraðir. Veturinn 2012–2013 tók sú breyting gildi að allir ættu að taka þátt í þessari sjálfsögðu flokkun. Ekki var því lengur leyfilegt að henda endurvinnanlegum pappír í gráar og grænar tunnur borgarinnar. Bláa pappírstunnan hjá Reykjavíkurborg og fleiri endurvinnslutunnur leysa málið fyrir heimilin í borginni auk endurvinnslu- og grenndarstöðva viðsvegar um borgina.

Margir hafa undanfarið pantað sér bláar pappírstunnur og eru þær orðnar um 9.500 í Reykjavík en voru 4.000 í byrjun ársins. Á hálfum mánuði í október bárust 1.000 pantanir á bláum tunnnum undir pappírsefni.

Ekki tæmt ef pappír er í rangri tunnu

Reykjavíkurborg hefur sent þau skýru skilaboð undanfarið ár að pappír sé ekki rusl heldur verðmæti. Lausnir hafa verið kynntar fyrir borgarbúum og frá og með 11. október verða gráar og grænar tunnur undir blandaðan úrgang hjá þeim sem ekki hafa enn tekið upp flokkun skildar eftir ótæmdar. Límmiði verður festur á þær þar sem gerð er grein fyrir því hvernig bregðast megi við. Fram hefur komið að Reykvingingar eru bæði duglegir að flokka og góðir í því, þannig að það sem fer í og kemur úr bláu tunnunum og frá endurvinnslu- og grenndarstöðvunum fær góða einkunn. Mörgum kemur á óvart hversu margt má fara í bláu tunnuna, t.d. fernur og alls konar pappírsumbúðir m.a.

af matvörum. Þetta er allt sett laust í tunnuna í stað þess að nota plastpoka. Árangur borgarbúa má mæla í tonnum en það sem af er árinu hefur um 40 tonnum meira af pappírsefnum skilað sér til endurvinnslu að jafnaði í hverjum mánuði en árið 2012. Á sama tíma hefur að jafnaði 118 tonnum minna af blönduðum úrgangi mælst í gráu og grænu tunnurnar. Borgarbúar hafa því greinilega stigið græn skref í úrgangsmálum.

Hægt er að losa sig við pappír og pappa á eftirtöldum stöðum:

- Í bláa pappírstunnu Reykjavíkurborgar. Hægt er að senda tölvupóst á sorphirda@reykjavik.is til að panta bláar, gráar eða grænar tunnur eða heimsækja heimasíðuna www.pappirerekkir.is
- Á endurvinnslustöðvum sem eru 7 á höfuðborgarsvæðinu.
- Á grenndarstöðvum sem eru 56 innan Reykjavíkur.
- Einkaaðilar bjóða flokkunartunnur heim

Í BLÁU TUNNUNA Á AÐ FARA:



BYLGJU-PAPPI

T.d. pitsukassar, pappakassar

CORRUGATED CARDBOARD

Such as: pizza boxes, cardboard boxes



DAGBLÖÐ OG TÍMARIT

T.d. auglýsingapóstur, dreififni úr pappír

NEWSPAPER AND MAGAZINES

Such as: printed advertisements, printed mail



FERNUR

T.d. drykkjarfernur – einnig með plasttöppum

BEVERAGE CARTONS

Such as: drinking containers, even with plastic plugs



SKRIFSTOFU-PAPPIR

T.d. ljósritunarpappír, reikningar, umslög

OFFICE PAPER

Such as: photocopying paper, invoices, envelopes



SLÉTTUR PAPPI

T.d. morgunkornkassar, eggjabakkar, umbúðapappír

NON-CORRUGATED CARDBOARD

Such as: cereal boxes, egg trays, wrapping paper

Í GRÁU TUNNUNA Á AÐ FARA:



ALMENNT HEIMILISSORP

T.d. allir matarafgangar, ryksugupokar, matarsmitaðar umbúðir, bleyjur

HOUSEHOLD WASTE

Such as: food waste, vacuum cleaner bags, diapers



LAUSIR MÁLMAR

T.d. niðursuðudósir, sprittkerta-koppar, álbakkar, lok
Athugið að málmum má einnig skila á endurvinnslustöð.

METAL WASTE

Such as: tin cans, aluminium foil, aluminium trays, metal lids
Please note that metal-based items can also be recycled



ENGINN ENDUR-VINNANLEGUR PAPPIR

→ Pappírnum á að skila í bláu tunnuna eða grenndargám

NO RECYCLABLE PAPER

→ Recyclable paper must be disposed of in the blue dustbins or containers



ENGAR DÓSIR OG FLÖSKUR MEÐ SKILAGJALDI

→ Umbúðum með skilagjaldi skal skila til Sorpu, Endurvinnslunnar eða í safngáma

NO REFUNDABLE BEVERAGE CONTAINERS

→ Refundable beverage containers should be brought to Sorpa, Endurvinnslan or to the containers of voluntary organisations

Takk fyrir að flokka –thank you for recycling

pappirerekkir.is

Reykjavíkurborg

SORPA



Leiksvæðastefna

Markmiðið var að vinna stefnuna með það að leiðarljósi að leikumhverfi borgarinnar uppfyllti þarfir og óskir barna í Reykjavík

Leiksvæðastefna Reykjavíkur var samþykkt í Borgarstjórn 3. apríl 2012. Borgarstjóri skipaði stýrihóp um leiksvæðastefnu í lok árs 2010 og með hópnum starfaði teymi sérfræðinga. Markmiðið var að vinna leiksvæðastefnu með það að leiðarljósi að leikumhverfi borgarinnar uppfyllti þarfir og óskir barna. Helstu verkþættir sem var lagt upp með:

- Að móta áherslur til framtíðar um hlutverk og uppbyggingu ólíkra tegunda leiksvæða borgarinnar og hvernig þau dreifast um borgina
- Að kortleggja leiksvæði barna; staðsetningu, tegund og ástand
- Að skoða hvernig núverandi leiksvæði fullnægja þörfum barna um leikumhverfi
- Að skipuleggja svæði fyrir gamalt fólk
- Að leggja línur um hvernig leiksvæði verði tekin í fóstur af íbúum og félagasamtökum

- Að horfa til öryggismála leiksvæða og hvernig þau verði best tryggð.

Stefnan

Það er stefna Reykjavíkurborgar að búa íbúum sínum og gestum verðugt og fjölbreytt leikumhverfi sem hvetur til útiveru. Leiksvæði skulu henta mismunandi aldri og er áhersla lögð á heilnæmt og fagurt umhverfi. Með breyttum áherslum verði leiksvæðum borgarinnar fjölgað í 4 meginflokkum:

- Hefðbundin leiksvæði
- Þemavellir
- Andrými
- Hverfisgarðar

Í dag eru á bilinu 250–260 leik- og dvalarsvæði í borginni. Markmiðið er að þorri þeirra haldi hefðbundnu hlutverki sínu með lausnum og leiktækjum. Eigi að síður er framboðið mun meira en eftirspurn þar sem lífsstíll og þarfir

Aðgerðir

- Heimasíða borgarinnar verði vettvangur upplýsinga og samáðs.
- Unnið verði yfirlitskort með upplýsingum um leiksvæðin.
- Unnin verði aðgerðaráætlun og kostnaðarmat.
- Sett verði upp stöðug viðhorfskönnun í samstarfi við Skóla- og fristundasvið.
- Íbúum og félagasamtökum verði auðveldað að taka svæði í fóstur.
- Lögð verði áhersla á faglega aðkomu við mótun leikumhverfis barna í borginni.
- Höfð sé hliðsjón af stefnu borgarinnar í gæðamálum
- Sögu leikumhverfis barna í borginni verði haldið til hags

borgarbúa hafa breyst mikið síðustu áratugi. Fjöldi svæða og staðsetning gefa víða tilefni til endurskoðunar. Við mótun leiksvæðastefnu hefur verið lögð áhersla á að horfa til heildarframboðs innan hverfanna þar sem leik- og grunnskólalóðir, aðstaða til íþróttaiðkunar, útivistarsvæði og skrudgarðar gegna því sameiginlega hlutverki að vera umgjörð og vettvangur borgarbúa til útivistar.

Hefðbundin leiksvæði

Stefnt er að því að hefðbundnum leiksvæðum verði fækkað og þeim sem eftir standa tryggt það eftirlit og viðhald sem kveður á um í reglugerð. Áfram verði hugað að fjölbreyttum gróðri til skjóls og rýmismyndunar. Fjölbreytileiki verði tryggður hvað varðar aðstöðu til leikja. Tryggt verði að aðstaða sé fyrir alla aldurshópa með bekkjum, leiktækjum og öðrum búnaði sem hæfir mismunandi aldri og þörfum notenda. Aðkoma sé örugg og áhersla lögð á að svæðin séu snyrtileg.

Tími athugasemda við nýtt aðalskipulag liðinn

Rúmlega 200 aðilar gerðu athugasemdir, en þær verða allar til skoðunar og umræðu hjá borgaryfirvöldum á næstu vikum og metið hvernig verður brugðist við þeim



Ljósmyndari:

Ragnar Th. Sigurðsson

Rúmlega 200 aðilar gerðu athugasemd við tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur sem var í auglýsingu frá 9. ágúst til 20. september 2013 en þeir sem töldu sig eiga hagsmuna að gæta voru hvattir til að kynna sér tillöguna og skila athugasemdum. Átta umsagnir bárust einnig frá opinberum aðilum. Það voru einstaklingar, fyrirtæki, íbúasamtök, félagasamtök og hópar sem stóðu að undirskriftasöfnunum sem sendu athugasemdir. Um þriðjungur athugasemda varðar skipulag Vatnsmýrar en aðrar athugasemdir fjalla meðal annars um þéttingu byggðar í Ártúnsholti, breytingar skipulags í Úlfarsárdal, reiðleiðir og landnotkun Keldna.

Á bak við athugasemd sem varðar flugvöllinn í Vatnsmýrinni voru 69 þúsund undirskriftir, þar af rúmlega 20 þúsund frá Reykvíkum. Einnig fylgdi 121 undirskrift á bak við athugasemd um landnotkun og byggingamagn við

Keldur. 24 aðilar gerðu athugasemd við þéttingarreit í Ártúnsholti, þá má nefna athugasemdir um minna umfang byggðar í Úlfarsárdalshverfi, athugasemdir vegna reiðvega á Kjalarnesi og í Heiðmörk. Athugasemdirnar verða allar til skoðunar og umræðu hjá borgaryfirvöldum á næstu vikum þar sem metið verður hvort og þá hvernig brugðist verður við þeim.

Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur tekur til tímabilsins 2010–2030 og er endurskoðun á aðalskipulaginu 2001–2024. Til samanburðar má nefna að 49 aðilar sendu athugasemdir við aðalskipulagið sem nú er í gildi þar af tveir undirskriftarlistar varðandi Reykjavíkflugvöll og landfyllingu við Ánanaust. Endurskoðunin hefur staðið yfir undanfarin ár og hefur falist í margvíslegri greiningarvinnu, mati valkosta og samráði við íbúa og hagsmunaaðila.

Vistvænt skipulag

Tillagan að aðalskipulagi Reykjavíkur hefur fengið ágæta kynningu og vakið umræður um þéttari og blandaðri byggð, vistvænar samgöngur, verndun opinna svæða, húsnæði fyrir alla og skýrari kröfur um gæði byggðar. Viðfangsefni aðalskipulagsins er fyrst og fremst að tryggja heilsu, öryggi og lífsgæði borgarbúa um ókomna tíð. Hugtakið sjálfbærni var leiðarljós við gerð þess en vistvænt skipulag felur í sér samspil umhverfis-, samfélags- og efnahagslegra þátta.

www.adalskipulag.is

www.facebook.com/adalskipulag

Reykjavík í tölum

Áhugaverðar staðreyndir
um Reykjavíkurborg,
íbúa hennar og landsvæði



5 mínútur

í næsta græna svæði

92% íbúa Reykjavíkur búa í innan við 300 metra
fjarlægð frá opnum svæðum stærri en 2000m²


Heimildir: Adalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar,
LÚKR, Hagstofa Íslands, Væðustofa Íslands,
Ferðavenjukönnun Gallup 2011, Könnun á
húsnæðis- og búsetuðum borgarbúa 2013

1,5 bílar

að meðaltali á
hvert heimili



Ferðavenjur



1. Einkabíll 76%
2. Gangandi 15%
3. Hjólandi 4%
4. Strætó 4%

64°N

breiddargráða



97%

ökufærra
Reykvíkinga
hafa bílpróf



3,1 einstaklingur býr
að meðaltali á hverju
heimili í Reykjavík

50,4 km²

flatarmál
þéttbýlis



119.764

íbúar í Reykjavík

Íbúum Reykjavíkur
hefur fjölgað um 20.000
síðan árið 1990

Íbúapéttleiki 2.376 íbúar/km²

sem þýðir að hver íbúi hefur til umráða 422m²




16 km²

flatarmál grænna
svæða í Reykjavík

Norðurmýri er þéttasta
hverfið í Reykjavík með
90 íbúa/ha

Samgöngumannvirki þekja 11,2 km² af þéttbýli
Reykjavíkur eða 22% af yfirborðinu

Húsnæðiseign



1. Eigið húsnæði 76%
 2. Leiguhúsnæði 14%
 3. Foreldrahús 9%
- (einstaklingar yfir 18 ára aldri)

Breiðholt er fjölmennasti
borgarhluti Reykjavíkur
með 20.675 íbúa



814 km

lengd göngu- og
hjólástíga í Reykjavík



877mm

meðalheildarúrkoma
á ári síðustu 10 ár



5,5°C

meðalhiti yfir
árið síðustu 10 ár



kynntu þér nýtt
aðalskipulag fyrir Reykjavík á
adalskipulag.is

Samgönguvika í Reykjavík

Tilgangur samgönguviku er að stuðla að aukinni vitund um nauðsyn þess að minnka mengun af völdum umferðar og vekja athygli á vistænum ferðamátum

Haldið var upp á evrópska samgönguviku í Reykjavík í 11. sinn 16.–22. september 2013. Tilgangur samgönguviku er að stuðla að aukinni vitund borgarbúa um nauðsyn þess að minnka mengun af völdum umferðar og vekja athygli á vistænum ferðamátum: almenningssamgöngum, hjólreiðum og göngu. Þema Samgönguviku í ár var „Clean Air – it's your move“ eða „Tært loft – þú átt leik“.

Dagskrá samgönguviku var fjölbreytt og boðið upp á marga skemmtilega viðburði. Átakið Hjólum í skólann, þar sem framhaldsskólar landsins keppa sín á milli um að nýta virkan ferðamáta


í og úr skóla, fór fram í fyrsta skipti en stefnt er að því að keppnin verði árviss viðburður á samgönguviku. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á heilsu-samlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum kostum virkra samgöngumáta. Strætó bs. var með verkefnið Ferðasátt á facebook, sem er viljayfirlýsing um að leggja einkabílnum í samgönguvikunni og voru nöfn þeirra sem skrifuðu undir sett í pott þar sem glæsilegir vinningar voru í boði fyrir heppna þátttakendur. Á samgönguviku var einnig boðið upp á göngu- og hjólaferðir um borgina og klúbbakvöld voru haldin á Loft Hostel í Bankastræti, þar sem hjólið var rætt frá ýmsum sjónarmiðum.

Föstudaginn 20. september var hjóla-ráðstefnan Hjólum til framtíðar haldin í þriðja sinn í tengslum við samgönguviku og var yfirskriftin í ár Réttur barna til hjólreiða. Að ráðstefnunni lokinni var samgönguviðurkenning afhent í Ráðhúsi Reykjavíkur en hana hljóta fyrirtæki sem hafa staðið sig vel í að hvetja starfs-fólk til að nýta vistvæna ferðamáta. Þau fyrirtæki sem hlutu viðurkenningu að þessu sinni voru Landsbankinn, í flokki stórra fyrirtækja og Hugsmiðjan, í flokki lítilla fyrirtækja. Deginum lauk svo með hjólaskautadiskói í bílakjallara Ráðhússins, þar sem DJ terrordisco og Roller Derby félag Íslands héldu uppi stuðinu en gestum og gangandi bauðst að fá lánaða hjólaskauta og renna sér með í takt við tónlistina. Slíkir viðburðir þekkjast víða erlendis og eru til þess gerðir að vekja athygli á því hversu mikið rými fer undir einkabílinn í umhverfi okkar og hvernig mætti nýta það á annan og skemmtilegri hátt.


Á laugardeginum voru nýjar og glæsilegar hjóla- og göngubryr yfir Elliða-árósa opnaðar en þær eru mikil samgöngubót fyrir þá sem velja að ferðast um á virkum fararmátum. Bryrnar voru hannaðar af Teiknistofunni Tröð sem vann hönnunarsamkeppni sem haldin var af Reykjavíkurborg og Vegagerðinni. Samgönguviku lauk svo sunnudaginn 22. september með Frídegi bílsins en þá hvetja forsvarsmenn Samgönguviku alla til að leggja einkabílnum og nota virkan samgöngumáta og upplifa borgina á þann hátt.

Afhending samgönguviðurkenninga
Ljósmyndari: Stefán Helgi Valsson





Frá opnun nýrra hjóla- og göngubrúa yfir Elliðaárósa



Hjólaskautadískó í bilakjallara Ráðhússins

Reykjavík – iðandi af lífi

Lykilmarkmið er að vernda náttúruleg svæði innan borgarmarka, viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og jafnvægi vistkerfa



Reykjavík – iðandi af lífi er nýtt fræðslu-átak um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík. Líffræðileg fjölbreytni er hugtak sem notað er til að vega og meta margbreytileika lífríkisins. Hugtakið er í raun margþátta og felur í sér alla fjölbreytni lífvera: plantna, dýra, sveppa, þörungna, gerla og annarra örvera, en einnig fjölbreytni innan tegunda, vistfræði- sem erfðafræðilega. Þá nær hugtakið til fjölbreytni lífverusamfélaga og vistkerfa. Í Umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar er eitt lykilmarkmiðið að vernda náttúruleg svæði innan borgarmarka og að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og jafnvægi vistkerfa. Heilbrigð vistkerfi eru forsenda fyrir ákjósanlegum umhverfissgæðum og möguleikum okkar til að nýta á sjálfbærnan hátt þær auðlindir sem vistkerfin geyma. Til að almenningur geti tekið þátt í að ná þessum markmiðum er afar mikilvægt að fræðsla um líffræðilega fjölbreytni sé til staðar. Í fræðsluáttakinu Reykjavík – iðandi af lífi er boðið upp á fjölbreytilega fræðslu fyrir almenning um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík, einkenni hennar og mikilvægi. Meðal annars er gefið út fræðsluefni, á vef, á prenti, á fræðsluskiltum o.fl. en einnig eru reglulegir fræðsluviðburðir, einkum náttúruskoðun á vettvangi.

Reykjavík – iðandi af lífi hófst formlega á Degi íslenskrar náttúru þann 16. september sl. og var þá gefinn út bæklingur um líffræðilega fjölbreytni og birtingarmyndir hennar í Reykjavík. Bæklinginn má nálgast í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12–14, í Ráðhúsi Reykjavíkur og víðar auk

þess sem hann er aðgengilegur á heimasíðu fræðsluáttaksins (www.reykjavik.is/idandi). Ýmsir fræðsluviðburðir hafa nú þegar verið á dagskrá t.d. farfuglaskoðun í Blikastaðakró og umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni í Grasagarðinum. Meðal viðburða á næstunni má nefna Hádegisfuglinn, fuglaskoðun í miðborg Reykjavíkur, sem mun fara fram í hádeginu á fimmtudegi einu sinni í mánuði fram að áramótum, dagana 14. nóvember og 12. desember. Í janúar 2014 verður lögð áhersla á lífríki fjörunnar með fræðslustarfi í samstarfi við Náttúruskóla Reykjavíkur, og

í febrúar mun Reykjavík – iðandi af lífi standa að fræðsludagskrá með Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Fleiri dagsskrárlíðir eru væntanlegir síðar á árinu 2014.

Reykjavík – iðandi af lífi er á vegum Umhverfis- og skipulagssviðs og er umsjónarmaður þess Snorri Sigurðsson líffræðingur á skrifstofu náttúru og garða. Þá má finna upplýsingar um fræðsluátakið auk margvíslegs fróðleiks á Facebook síðu Reykjavík – iðandi af lífi (www.facebook.com/reykjavikidandi).



Auðnutittlingur

Landupplýsingar hljóta virta viðurkenningu

Fyrir gott heildarlandupplýsingakerfi sem og sérlega góða upplýsingaþjónustu við almenning

Esri, stærsti framleiðandi Landupplýsingahugbúnaðar í heiminum, heldur árlega 13–15.000 manna alþjóðlega notendaráðstefnu í San Diego í Kaliforníu. Á hverju ári eru veittar nokkrar viðurkenningar til verkefna sem skara framúr á sviði landupplýsinga (Special achievement in GIS). Í sumar fékk Reykjavíkurborg slíka viðurkenningu og tóku þeir Þórarinn J. Jóhannsson og Jörgen Þormóðsson á móti viðurkenningunni.

Aðalástæðan fyrir viðurkenningunni er gott heildarlandupplýsingakerfi sem og sérlega góð upplýsingaþjónusta við almenning, eins og sjá má í Borgarvefsjá og Borgarvefsjár-smáforritinu (borgarvefsjár-app) fyrir snjallsíma og spjaldtölvur.

Landupplýsingar hafa umsjón með öllum gagnagrunnum sem innihalda landtengdar upplýsingar og leggja aðaláherslu á að hafa réttar og lifandi upplýsingar, byggðar á traustum grunni. Öflun, viðhald, úrvinnsla og afgreiðsla landupplýsinga eru aðalverkefni, en deildin ber einnig ábyrgð á stjórn og rekstri LUKR, mælingum og útgáfu mælibleða.

Landupplýsingum er skipt í tvær deildir (mælingar og LUKR), en Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR) er samstarfsverkefni Umhverfis- og skipulagssviðs, Orkuveitu Reykjavíkur og Milu ehf.

Borgarvefsjá er vefþjónusta sem Landupplýsingar veita og er hún opin öllum á vefslóðinni www.borgarvefsja.is. Hún veitir á einfaldan hátt grunnupplýsingar úr gögnum LUKR og auk þess ýmsan fróðleik af margvíslegu tagi, sem fróðleiksfúsir notendur kunna að meta.

Frá afhendingu viðurkenningar í San Diego




Helstu verkefni Landupplýsinga

- Gerð og viðhald mælibleða
- Mælingar
- Viðhald hnita- og hæðakerfis
- Umsjón með staðgreini
- Hnitsetning eldri lóða
- Stjórn og rekstur LUKR
- Uppbygging og viðhald gagnagrunna og tengitaflna LUKR
- Umsjón með Borgarsjá og Borgarvefsjá og Skipulagssjá
- Öflun loftmyndar
- Kortagerð
- Skráning, úrvinnsla og afgreiðsla landupplýsinga
- Uppfærsla á tölum svæðisskipulags

Samráð um þróun hverfa í Reykjavík

Öflugt samráð við íbúa og hagsmunaaðila verður einkenni á vinnu við gerð hverfisSKIPULAGSINS



Samráðsfundum um hverfisSKIPULAG er nýlengið í átta af tíu borgarhlutum í Reykjavík. Fundirnir voru með vinnufundarsniði, þar sem starfsmenn frá skipulaginu voru á staðnum og skoðuð voru kort, ræddar úrbætur og punkt-aðar niður ábendingar frá hverfisbúum. Reykjavíkurborg er skipt upp í 10 stjórnsýslueiningar sem kallast borgarhlutar og stefnt er að því að vinna hverfisSKIPULAG fyrir hvern borgarhluta á grunni nýs aðalskipulags. HverfisSKIPULAGið felst m.a. í því að rækta staðaranda hverfanna og þróa þau í átt að sjálfbærum einingum, með það að markmiði að bæta heilsu, öryggi og vellíðan íbúa. Jafnframt er í hverfisSKIPULAGI stefnt að því að setja almennar reglur um yfirbragð, þróun og varðveislu byggðarinnar.

Fundirnir voru haldnir á tímabilinu 16.–26. september og gafst íbúum þar tækifæri á að hafa áhrif strax í upphafi hverfisSKIPULAGSVINNUNNAR. Á fundunum var m.a. leitast við að svara spurningum eins og: Hvar væri best að hafa verslun og þjónustu innan hverfisins? Hvar eru góð opin græn svæði og hver má bæta? Hvar er möguleiki á þéttingu byggðar? Hvernig er hægt að bæta göngu- og hjólaeiðir barna í skóla eða fullorðinna í vinnu? Hvernig er hægt að efla staðaranda?

Samráð

Öflugt samráð við íbúa og hagsmunaaðila verður einkenni á hverfisSKIPULAGSINS

laginu og Reykjavíkurborg hefur ráðið ráðgjafateymi til að vinna fyrsta áfanga hverfisSKIPULAGS fyrir átta af tíu borgarhlutum. Verkefnið „HverfisSKIPULAG“ er tiltölulega nýhafið og er fyrsta skrefið að vinna úr gögnum og setja saman lýsingu og matslýsingu fyrir hvern borgarhluta.

Íbúafundirnir voru með vinnufundarsniði og settust íbúar á vinnuborð með starfsfólki umhverfis- og skipulagssviði og ráðgjöfum sem vinna að hverfisSKIPULAGinu í hverjum borgarhluta. Fundargestir tóku virkan þátt í vinnunni og höfðu margar góðar hugmyndir fram að færa. HverfisSKIPULAG er stærsta skipulagsverkefni sem unnið hefur verið á Íslandi og fundirnir sem nú voru haldnir í átta hverfum borgarinnar veita íbúum frábært tækifæri til að hafa áhrif á skipulag hverfa sinna. Gott skipulag getur leitt af sér betri lýðheilsu, öruggara umhverfi og betra samfélag. Börn voru sérstaklega velkomin á fundina og var boðið upp á sérstakt barnahorn með skemmtilegu og fróðlegu barnasamráði á fundunum.

Á íbúafundunum kom í ljós að flestir íbúar eru ánægðir með þann borgarhluta sem þeir búa í. Samgöngumálin eru ofarlega á baugi í flestum borgarhlutum og leggja margir áherslu á að lækka umferðarhraða og auka umferðaröryggi, sérstaklega á gönguleiðum barna í skóla. Einnig lögðu íbúar áherslu á að fá meiri verslun og þjónustu inn í hverfin en síðustu áratugina hefur verslun og

þjónusta verið að hverfa úr mörgum hverfum. Með skipulagi er hægt að styðja við verslun og þjónustu í hverfum með því að þetta byggð, koma í veg fyrir að verslanir opni í útjaðri hverfa, bæta aðgengi að verslunarhúsnæði og koma í veg fyrir að hægt sé að breyta verslunarhúsnæði í hverfunum í íbúðir.

Samráð mun vera haft við íbúa oftari í gegnum hverfisSKIPULAGSFERLIÐ, bæði með fundum en einnig hafa íbúar tækifæri til að koma með ábendingar á samráðsvef hverfisSKIPULAGSINS, sem hægt er að komast á í gegnum heimasíðu verkefnisins www.hverfisSKIPULAG.is. Einnig hefur samráðsKÖSSUM verið dreift víða um borgina þar sem íbúar geta sett hugmyndir sínar aftan á póstkort og sett í kassann, sem síðan er safnað saman og skráð niður. Farið verður yfir allar hugmyndir sem berast og viðbrögð við þeim sett á heimasíðu hverfisSKIPULAGSINS.

Samantekt frá íbúafundunum má finna á www.hverfisSKIPULAG.is

Hafðu áhrif á hverfis-
skipulagsvinnuna, taktu þátt
í samráði á vefnum eða úti
í hverfunum og á íbúa- og
hagsmunaaðilafundum



**HVERFIS
SKIPULAG**

Hafðu áhrif á hverfisskipulagsvinnuna og merktu inn ábendingar og hugmyndir á kortið.

Borgarhluti?

Býrðu í hverfinu? ☐ Já ☐ Nei

Vinnurðu í hverfinu? ☐ Já ☐ Nei

Annað:

Kyn? ☐ Karl
☐ Kona

Aldur?

**Er alltof
langt út
í sjoppu?**

**Kemstu
hvergi
í sólbað?**

**Viltu
skilja bílinn
eftir heima?**

A. Veldu hverfi



- B. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með verslun og þjónustu í hverfinu?
- ☐ Mjög ánægð/ur
☐ Frekar ánægð/ur
☐ Hvorki né
☐ Frekar óánægð/ur
☐ Mjög óánægð/ur

- C. Hvernig mætti bæta verslun og þjónustu innan hverfisins? Þú mátt merkja við fleira en eitt atriði.
- ☐ Ég vil fjölga litlum matvöruverslunum í íbúðargötum
☐ Ég vil efla miðkjarna hverfisins
☐ Ég vil fá fjölbreyttari verslanir og þjónustu í hverfið
☐ Ég vil bæta aðgengi að verslun og þjónustu

A. Veldu hverfi



- B. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með almenningssými í borgarhlutanum þínum?
- ☐ Mjög ánægð/ur
☐ Frekar ánægð/ur
☐ Hvorki né
☐ Frekar óánægð/ur
☐ Mjög óánægð/ur

- C. Hvernig mætti bæta almenningssými innan borgarhlutans? Þú mátt merkja við fleiri en eitt atriði.
- ☐ Ég vil fjölga almenningssýmum
☐ Ég vil fleiri stór útivistarsvæði í nágrennið
☐ Ég vil fjölbreyttari almenningssými
☐ Ég vil bæta aðgengi að almenningssýmum

A. Veldu hverfi



- B. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með aðstöðu fyrir vistvæna ferðamáta í hverfinu?
- ☐ Mjög ánægð/ur
☐ Frekar ánægð/ur
☐ Hvorki né
☐ Frekar óánægð/ur
☐ Mjög óánægð/ur

- C. Hvernig mætti bæta vistvænar samgöngur innan hverfisins? Þú mátt merkja við fleira en eitt atriði.
- ☐ Ég vil fjölga göngu- og hjólatengingum
☐ Ég vil bæta núverandi göngu- og hjólatengingum
☐ Ég vil fjölga strætisvagnaleiðum
☐ Ég vil bæta þjónustu strætisvagna

Endurhönnun Laugavegar

Ákveðið hefur verið að ráðast í endurhönnun Laugavegarins milli Skólavörðustígs og Snorrabrautar og hefur hönnunarforsögn fyrir verkefnið verið kynnt í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar. Mikið líf hefur skapast á Laugaveginum síðustu sumur eftir að farið var að takmarka þar bílaumferð og gera gangandi og hjólandi umferð hærra undir höfði. Með endurhönnun þess hluta Laugavegar sem um ræðir er

stefnan að setja gangandi og hjólandi vegfarendur enn frekar í forgang en hönnun götunnar býður upp á í dag.

Laugarvegurinn hefur verið tekinn í gegn í pörtum á mismunandi tímabilum þannig að götuhlutar hafa í dag ólíka hönnun með misjöfnum áherslum og er ætlunin að samræma frekar útlit og þversnið niður allan þann kafla sem um ræðir.



**Stefnt er að því
að setja gangandi
og hjólandi enn
frekar í forgang en
hönnun Laugavegar
býður upp á
í dag**

Gert er ráð fyrir að bílaumferð verði einstefna til vesturs eins og verið hefur með 15 km/klst hámarkshraða. Laugavegur verði göngugata með akandi „siturumferð“ og lokanir fyrir bílaumferð verði áfram mögulegar með einföldum aðgerðum, sérstaklega á sumrin, um jól og við sérstaka viðburði.

Gera þarf ráðstafanir til að róa umferð t.d. með mismunandi yfirborðsefnum og götugögnum. Skoðaðar verða mismunandi útfærslur á hjólaumferð á götunni og koma þarf með lausnir að hjólastæðum við götuna. Gert er ráð fyrir að skásætt bílastæði, þar sem bílar taka oft upp rými frá gangandi vegfarendum, verði lögð niður og að bílastæði verði frekar samsíða sunnan megin götunnar þannig að þau taki ekki upp sólrík svæði sem gætu frekar nýst þeim sem ferðast um gangandi. Finna þarf hentugar staðsetningar fyrir torgrými og aðra dvalarstaði við götuna og hanna slík svæði með möguleika á útveitingum í huga. Lögð er áhersla á að fegra götuna með gróðri, götugögnum og hugsanlega listaverkum.

Bent hefur verið á að ýmsu er ábótavant þegar kemur að aðgengi fyrir alla á Laugavegi og ýmislegt sem þarf að athuga í því sambandi. Til dæmis hefur verið nefnt að laus skilti séu hindrun í vegi sjónskertra og hreyfihamlaðra og úr því þarf að bæta. Mikil áhersla er lögð á gott samráð við íbúa og rekstraraðila við Laugaveg og aðra hagsmunaaðila og þurfa hönnuðir að taka tillit til og vinna með niðurstöður þess. Vonandi taka sem flestir borgarbúar þátt í því að móta þessa helstu götu borgarinnar í takt við nýja tíma.

Hæðir húsa

Þau svæði þar sem til álita kemur að reisa háhýsi eða ný kennileiti verður að skoða í samhengi við umhverfi sitt og setja gæðakröfur um útlit og tilgang

Í tillögu að nýju aðalskipulagi kemur fram heildstæð stefna um hæðir húsa og að hún verði hluti af aðalskipulagi Reykjavíkur á hverjum tíma. Stefnan taki mið af sögu borgarinnar og hefðum, yfirbragði núverandi byggðar og sjónásum til lykilkennileita. Í eldri aðalskipulagsáætlunum hefur að jafnaði ekki verið sett fram ákveðin sýn um hæðir húsa, að undanskildu Aðalskipulagi Reykjavíkur 1962–1983 þar sem fjallað var sérstaklega um hæðir húsa í miðborginni. Þar voru skilgreind svæði þar sem kveðið var á um fjölda hæða, skýrt hvar 4-5 hæða byggð var ætlað að rísa og gerð grein fyrir hvar fjöldi hæða skyldi fara yfir 5 hæðir.

Í greinargerð aðalskipulags hefur oft verið komið inn á mikilvægi þess að að móta frekari ramma eða stefnu um hæðir húsa. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996–2016 segir í kafla um fastmótaða

byggð: *Háhýsi hafa mikil áhrif á ásýnd borgarinnar og skjól umhverfis þau. Þeim hefur fjölgað mjög á undanförunum árum. Til að tryggja að staðsetning háhýsa sé ekki tilviljunarkennd er orðið aðkallandi að skoða æskilega staði fyrir þau.* En hversu há þarf bygging að vera til að vera skilgreind sem háhýsi? Í nágrannalöndum eru mismunandi skilgreiningar. Í Ósló er talað um 12 hæðir og hærri sem háhýsi, en í Kaupmannahöfn um 13 hæðir eða 40 metra á hæð. Einnig er hægt að skilgreina háhýsi afstætt, þ.e. sem háa byggingu miðað við nærliggjandi byggð eða umhverfi. Í borgum þar sem hæðir húsa eru að jafnaði 4-5 er 10 hæða bygging mun hærri í samhengi við sitt umhverfi en í borgum þar sem venja er að byggja hærri. Umfang hússins og byggingarmagn getur einnig haft áhrif á hvort fólk upplifir húsið hátt eða ekki.

Segja má að þrátt fyrir jákvæða þróun í stefnumótun aðalskipulags Reykjavíkur, ásamt betri nýtingu lands og grunnkerfa borgarinnar, þá hafi heildaráhrif háreistra bygginga í borgarlandslaginu hingað til ekki verið skoðuð nema að takmörkuðu leyti, hvað þá hæðarbreytingar á heilum skipulagsreitum. Ekki er eingöngu átt við áhrif háreistra bygginga sem kennileita eða tákngervinga, heldur einnig áhrif þeirra á borgarlandslagið í heild og ekki síst á helstu sjónása.

Markmið og skipulagsákvæði

- Lágreist byggð einkennir Reykjavík og ber að virða það.
- Varðveita skal ýmis sérkenni úr þróunarsögu borgarinnar og skerpa á þeim sérkennum sem mest gildi hafa.
- Hæðir húsa skulu almennt ákvarðast af hnattrænni legu borgarinnar, náttúrulegri umgjörð hennar, sögulegu byggðarmynstri, gatnaskipan og rýmismyndun, og yfirbragði aðliggjandi byggðar.
- Á svæði innan Hringbrautar er ekki heimilt að reisa hærri byggingar en 5 hæðir.
- Á skilgreindum þróunarsvæðum, einkum meðfram samgönguásum og strandlengju í norðri eru hærri hús heimil (sjá viðmið fyrir einstök svæði).
- Háhýsi og önnur áberandi kennileiti (mannvirki sem rísa upp úr umhverfi sínu) skulu, þar sem þau fá að rísa, styrkja borgarmyndina í heild sinni og þá götamynd sem fyrir er.
- Háhýsi verða ekki heimiluð nema að ákveðnum kröfum og skilyrðum uppfylltum.



Nú þarf að vanda sig!



Eftir 10. október verða gráar og grænar tunnur sem innihalda pappír eða pappa ekki tæmdar

Reykvíkingar hafa tekið bláu tunnunni mjög vel og flokkunin gengur framur vonum. Nú er tímabært að hætta alfarið að henda pappír í gráu og grænu tunnurnar.

ÁMINNING

Ef vart verður við pappír í gráu eða grænu tunnunni verður áminningarmiði settur á hana fyrst í stað en tunnan engu að síður tæmd.



TUNNA EKKI LOSUÐ

Eftir 10. október verða gráar og grænar tunnur ekki tæmdar ef pappír er í þeim. Þá þarf að losa allan pappír úr tunnunum fyrir næstu tæmingu.

Sjá nánar á bakhlið



Bættu við blárra tunnu með einu símtali í 4 11 11 11 eða með tölvupósti á sorphirda@reykjavik.is og sparaðu þér peninga og fyrirhöfn.

Þú finnur allt um flokkunarreglurnar á pappirerekkir.is.

– Takk fyrir að flokka!



Reykjavíkurborg



Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar

www.skipbygg.is
skipulagssja.skipbygg.is

Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími: 411–1111
skipulag@reykjavik.is

Ábyrgðarmaður:
Ólöf Örvarsdóttir

Ritstjórn:
Björn Ingi Edvardsson,
Gunnar Hersveinn Sigursteinsson
Halldóra Hrólfsdóttir

Hönnun og umbrot:
Vinnustofa Atla Hilmarssonar
Prentun: Prentmet



Reykjavíkurborg

Forsíðumynd:
Ragnar Th. Sigurðsson